



Framsókn

**Stjórnskipan, mannréttindi, málefni
innflytjenda og utanríkismál**

Stefna Framsóknar

Samþykkt á 37. Flokksþingi Framsóknar

20-21. apríl 2024

EFNISYFIRLIT

1. Mannréttindi	3
1.1 Málefni innflytjenda og umsækjanda um alþjóðlega vernd	3
1.1.1 Umsækjendur um alþjóðlega vernd	4
1.2 Málefni heimilisláusra með fjölpættan vanda	5
1.3 Málefni hinsegin fólks	5
1.4 Málefni fatlaðra	5
1.4.1 Húsnæðisuppbygging fyrir fatlaða	5
1.4.2 Stafræn þjónusta	5
1.4.3 Inngilding og atvinnuþátttaka	6
1.5 Jafnrétti	6
2. Stjórnskipan	6
2.1 Endurskoðun stjórnarskrárinnar	6
2.2 Forseti Íslands	6
2.3 Kosningaréttur	7
2.4 Trú- og lífsskoðunarfélög áfram studd	7
3 Dóms- og löggæslumál	7
3.1 Réttarfar og öryggi borgaranna	7
3.1.1 Markvisst unnið gegn ofbeldi í samfélaginu	7
3.2 Öflug löggæsla og ákærvald	8
3.3 Fangelsismál	9
3.3.1 Fangelsisvist með betrun í forgrunni	9
3.3.2 Fangelsi	10
3.4 Landhelgisgæsla	10
4 Þjóðaröryggi og almannavarnir - Samfélagsöryggi	10
4.1 Endurskoðun og sameining laga	11
4.3 Aukin áhersla á sjónarmið þolenda hamfara tryggð	11
5 Utanríkismál	11
5.1 Alþjóðasamskipti og svæðisbundin samvinna	12
5.1.1 Norðurlandasamvinna	12
5.1.3 EES-samningurinn	12
5.1.4 Evrópusambandið	12
5.1.5 Norðurslóðir	13
5.1.6 Schengen-samstarfið	13
5.1.7 Málefni hafsins	13
5.2 Öryggis- og varnarmál	13
5.2.1 Varnarsamningur við Bandaríkin	13
5.3 Alþjóðaviðskipti	13
5.4 Ísland sé í fremstu röð í alþjóðlegri baráttu gegn skattaskjólum	14
5.5 Ísland verði áfram í fararbroddi í mannréttindum og jafnrétti og efli þróunarsamvinna	14
5.6 Þróunarsamvinna	14

1. Mannréttindi

Framsókn berst fyrir mannréttindum, virðingu fyrir einstaklingnum og fjölskyldunni. Framsókn mun ávallt verja skoðana- og tjáningarfrelsi, trúfrelsi og friðhelgi einkalífs.

Framsókn setur manngildi ofar auðgildi og vill að hver og einn hafi sama rétt til menntunar, þroska, grundvallarlífskjara og náttúrugæða óháð uppruna, heilsu og efnahag.

Framsókn vill að enginn á Íslandi þurfi að búa við fátækt, að öllum sé tryggt öruggt húsaskjól og enginn þurfi að búa við óviðunandi aðstæður.

Framsókn vill stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur og hafi jöfn réttindi óháð fjárhags- og félagslegri stöðu.

Öll réttindi sem tengjast fullorðinsaldri verði virk við 18 ára aldur.

1.1 Málefni innflytjenda og umsækjanda um alþjóðlega vernd

Framsókn leggur áherslu á að ávallt sé horft heildstætt á málefni innflytjenda og umsækjanda um alþjóðlega vernd af mannúð og virðingu og að útlendingalög séu skýr og framkvæmd þeirra skilvirk og í samræmi við góða stjórnarsýslu.

Framsókn vill inngildandi nálgun í innflytjendamálum sem snýr að því að virkja allt fólk til þátttöku, viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum. Inngilding er samvinnuverkefni alls samfélagsins.

Ísland er fjölmeningarsamfélag og það kallar á vinnu að inngildingunni á flestum sviðum samfélagsins til að stuðla að virkri þátttöku innflytjenda jafnt í samfélaginu sem og á vinnumarkaði. Fjölgun innflytjenda hefur haft jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf og menningarlega fjölbreytni en því hafa líka fylgt áskoranir og verkefni. Við höfum sem samfélag þurft að styðja við og vinna að inngildingunni nýrra íbúa sem sumir hverjir koma frá ólíkum menningarsvæðum.

Framsókn leggur áherslu á að lykill að inngildingunni er betra aðgengi að íslensku og samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur á öllum aldri og á öllum skólastigum, sem og viðurkenning á þekkingu og reynslu innflytjenda. Mikilvægt er að innflytjendum standi til boða aðgengileg og fjölbreytt íslenskukennsla. Framsókn vill innleiða hvata til íslenskunáms og tryggja rétt innflytjenda til íslenskunáms á vinnutíma, þeim að kostnaðarlausu. Þá vill framsókn jafnframt að unnið sé að fjölgun kennara með fagþekkingu í kennslu íslensku sem annars máls fyrir fullorðna, bættu námsframboði og kennsluefni á því sviði. Framsókn vill að ríkið leggi áherslu á að styðja við tækniframþróun sem auðveldar fólki að læra íslensku.

Framsókn vill að aðgengi að upplýsingum fyrir fólk sem vill setjast að á Íslandi sé samræmt og á helstu tungumálum.

Framsókn vill efla lýðræðisfræðslu á meðal innflytjenda með það að markmiði að auka lýðræðis- og kosningaþátttöku innflytjenda. Framsókn vill að aukin verði samfélagsfræðsla sem hluti af inngildingunni í íslenskt samfélag og auka þekkingu innflytjenda á eigin réttindum, tækifærum og skyldum í íslensku samfélagi og áhrifum þess á daglegt líf þeirra.

Huga þarf sérstaklega að farsæld barna sem hingað flytja og þeirra sem eru önnur kynslóð innflytjenda. Virkni barna í íþróttum og tómstundum er mikilvægur þáttur í inngildingu barna og Framsókn vill halda áfram að auka þátttöku barna af erlendum uppruna. Framsókn vill styðja við móðurmálskenndu barna.

Framsókn vill auka stuðning við börn af erlendum uppruna sem miðast við þarfir hvers barns og aðstæður þess fyrstu árin eftir komu til landsins óháð aldri og skólastigi. Framsókn vill að geta skólakerfisins til þess að kenna íslensku sem annað mál verði stórefld sem og að stuðningur við leikskóla til að taka á móti börnum með erlendan uppruna verði aukinn og íslenskubrautum í framhaldsskólum fjölgað.

Framsókn leggur áherslu á að ríki og sveitarfélög séu með sameiginlega heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Framsókn vill auðvelda fólki frá löndum utan EES að sækja um atvinnuréttindi útlendinga. Þá vill Framsókn að löggjöf um tímabundið atvinnu- og dvalarleyfi verði breytt þannig að atvinnuleyfi sé ekki bundið við einn atvinnurekanda. Framsókn vill auðvelda innflytjendum að fara í raunfærnimat og fá viðurkennt nám erlendis frá. Jafnframt að náms- og starfsráðgjöf standi fullorðnum innflytjendum til boða um land allt.

1.1.1 Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Framsókn vill taka vel á móti þeim einstaklingum sem hér hafa fengið alþjóðlega vernd. Framsókn vill að við móttöku umsækjanda um alþjóðlega vernd sé unnið með mannréttindi að leiðarljósi, að framkvæmd laga sé skilvirk og vel sé staðið að skipulagi umsókna og þjónustu samfélagsins. Byggja þarf kerfi umsókna um alþjóðlega vernd upp með skynsemi, raunsæi og mannúð að leiðarljósi í samræmi við innviði samfélagsins. Til grundvallar afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd verður að leggja sérstaka áherslu á mannúðarsjónarmið og alþjóðlegar skuldbindingar.

Kostnaður við verndarkerfið hefur stóraukist á undanförunum árum, meðal annars vegna tilhæfulausra umsókna um alþjóðlega vernd. Snúa þarf þeirri þróun við með það að markmiði að draga úr kostnaði, meðal annars með því að tryggja að málsmeðferðartími umsókna um alþjóðlega vernd sé hraður, en tryggi um leið réttláta málsmeðferð umsækjenda. Það er ómannúðlegt að láta fólk dvelja hér í langan tíma í óvissu um framtíð sína. Þá er mikilvægt að löggjöf um málaflokkinn sé í samræmi við löggjöf hinna Norðurlandanna á hverjum tíma og að séríslenskar reglur í kerfinu verði afnumdar.

Flýta þarf eins og kostur er brottvísun þeirra sem ekki hljóta vernd hér á landi. Jafnframt þarf að samræma heimildir til brottvísana á einstaklingum sem fengið hafa alþjóðlega vernd og þeirra sem fengið hafa dvalarleyfi hér á landi á grundvelli laga nr. 80/2016 og framið hafa alvarleg afbrot sem ógna allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

Framsókn vill að flóttafólk hafi aðgengi að sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum áfalla.

Framsókn vill að mannréttindi barna á flótta séu tryggð og litið á þeirra hagsmuni fyrst og fremst við ákvarðanatöku um dvöl hér á landi og ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu í hávegum höfð. Framsókn vill ekki að börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd þurfi að búa í lokuðum búsetuúrræðum fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að greiða fyrir inngildingu barna inn í íslenskt samfélag.

Framsókn vill að öllum börnum sem hlotið hafa alþjóðlega vernd standi til boða að vera úthlutað málstjóra í samræmi við annað stig þjónustu samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Hlutverk málstjórans er meðal annars gerð stuðningsáætlunar og að samræma þjónustu sem stendur til boða.

Framsókn vill að samráð sé aukið við sveitarfélög þegar kemur að móttöku og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og stefnumótun í málaflokknum. Stuðla þarf þá að því að fleiri sveitarfélög taki þátt í móttöku umsækjanda um alþjóðlega vernd hér á landi til að dreifa álagi á innviði sveitarfélaganna. Jafnframt þarf að styrkja innviði sveitarfélagana til að geta tekið á móti umsækjendum um alþjóðlega vernd.

1.2 Málefni heimilislausra með fjölþættan vanda

Framsókn leggur áherslu á að heimilislaust fólk með fjölþættan vanda fái stuðning til betra lífs. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög vinni saman að því að byggja upp úrræði sem byggja á hugmyndafræðinni um Húsnæði fyrst og skaðaminnkun. Framsókn vill að lögheimilissveitarfélög heimilislausra standi vel að þjónustu við sína íbúa.

1.3 Málefni hinsegin fólks

Framsókn styður við baráttu hinsegin fólks og leggur áherslu á að Ísland verði alltaf fremst í flokki þegar kemur að réttindum hinsegin fólks.

Þekking á hinsegin málum er grundvöllur mannréttindabaráttu og því er mikilvægt að fræðsla um málefni hinsegin fólks sé aðgengileg. Framsókn vill að vægi hinsegin fræðslu verði aukið á leik- grunn- og framhaldsskólastigi í samræmi við aldur og þroska. Ásamt því að fræðsla um kynvitund, kynhneigð og mismunandi kyneinkenni verði hluti af foreldrafræðslu á heilsugæslustöðvum.

Leitast skal við að orðalag laga og reglna sé uppfært með tilliti til kynhlutleysis.

Leitast skal við að tryggja aðgengi að kynhlutlausum búningsklefum við sundlaugar og íþróttahús.

1.4 Málefni fatlaðs fólks

Allir einstaklingar eiga að hafa möguleika á því að vera fullir þátttakendur í því samfélagi sem þeir búa í. Mikilvægt er því að uppræta félags- og umhverfislegar hindranir sem aftra fötluðu fólki frá slíkri þátttöku. Framsókn styður lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Brýnt er að ríki og sveitarfélög komi sér saman um skipulag á þjónustu við fatlað fólk og fulla fjármögnun hennar. Framsókn leggur áherslu á að stytta verulega biðtímann eftir greiningu barna. Í því samhengi er snemmtæk íhlutun lykilþáttur. Þá þarf að tryggja að viðeigandi úrræði séu til fyrir fötluð börn og aðstandendur þeirra. Sem og að styðja við aðstandendur fatlaðs fólks. Mikilvægt er að skipulag þjónustu við fatlað fólk sé með þeim hætti að fatlað fólk fái hennar ávallt notið.

1.4.1 Húsnæðisuppbygging fyrir fatlað fólk

Mikilvægt er að tryggð verði fjármögnun frá ríki til sveitarfélaga til uppbyggingar á fjölbreyttu húsnæði fyrir fatlað fólk. Leita þarf leiða til að hraða uppbyggingu á hagkvæman hátt.

1.4.2 Stafræn þjónusta

Stafræn tækni á að vera verkfæri til aukinnar inngildingar og þátttöku fatlaðs fólks. Við útfærslu á allri stafrænni þjónustu verður að huga að aðgengi fatlaðs fólks að henni. Tryggja verður aðgengi fatlaðs fólks sem ekki er með rafræn skilríki að stafrænni þjónustu.

1.4.3 Inngilding og atvinnuþátttaka

Öll kerfi samfélagsins verða að gera ráð fyrir fötluðu fólki til að tryggja að fatlað fólk fái tækifæri til jafns við aðra.

Framsókn vill að fatlað fólk hafi möguleika á því að taka þátt á vinnumarkaði og vill áfram styðja við og bæta vinnumarkaðsúrræði eins og atvinnu með stuðningi.

1.5 Jafnrétti

Framsókn hafnar hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki t.d. eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, kyneinkennum, kynvitund, búsetu eða stjórnsmálaskoðunum.

Framsókn styður rétt til þungunarrofs og ítrekar mikilvægi að greiðu aðgengi að getnaðarvörnum. Eins þarf tryggja gott aðgengi að tíðarvörum í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum.

Framsókn viðurkennir mikilvægi fæðingarorlofs m.t.t. jafnréttis kynja og leggur áherslu á að sá réttur sé ávallt verndaður.

Framsókn leggur áherslu á að vinnan að jafnrétti er viðvarandi viðfangsefni stjórnsmálanna.

2. Stjórnskipan

2.1 Endurskoðun stjórnarskrárinnar

Stjórnarskráin er samfélagssáttmáli þeirra sem byggja Ísland og því þarf ferlið við endurskoðun hennar að byggja á gagnsæi og skýru lýðræðislegu umboði. Afstaða Framsóknar til breytinga á stjórnarskrá miðast við gildi og grundvallarstefnu flokksins og þá efnahagslegu sýn að manngildið sé fremra auðgildinu. Slík endurskoðun þarf að byggja á trúverðugu ferli sem endurspeglar eðli verkefnisins og að tryggt verði að ákvæði hennar endurspegli sem best sameiginleg grunngildi þjóðarinnar.

Framsókn leggur til að skoðað verði að festa ítarlegri ákvæði um dómsvaldið í stjórnarskrá sem tryggja betur sjálfstæði dómsvalda.

2.2 Forseti Íslands

Forseti gegnir mikilvægu hlutverki í stjórnskipan Íslands. Hann hefur vel skilgreind og virk úrræði til að þjóna sem öryggisventill í þágu almennings, til dæmis með því að skjóta umdeildum málum í atkvæði þjóðarinnar.

Forseti þarf að hafa skýrt umboð meirihluta þjóðarinnar sem meðal annars væri hægt að ná fram með tveimur umferðum kosninga eða varaatkvæðiskerfi (e. Alternative vote).

Endurmeta ætti ákvæði um lágmarksaldur forseta.

Framsókn vill að meðmælafjöldi vegna forsetaframboðs verði endurskoðaður.

2.3 Kosningaréttur

Framsókn leggur til að kosningaréttur miðist við byrjun þess árs sem einstaklingur nær kosningaaldri en ekki fæðingardag. Ekki er ástæða til að neita þeim sem eiga fæðingardag eftir kjördag um þátttöku í kosningum. Umrædd breyting gæti haft í för með sér jákvæð áhrif á kosningaþátttöku ungmenna, sem ganga þá saman sem árgangur til kosninga.

2.4 Trú- og lífsskoðunarfélög áfram studd

Framsókn styður trú- og lífsskoðunarfrelsi. Framsókn vill að sóknargjöld renni óskert til allra trú- og lífsskoðunarfélaga fyrir þá sem kjósa að skrá sig í þau.

Framsókn vill að áfram verði stutt við öflugt starf Þjóðkirkjunnar um land allt enda hefur hún skyldur við alla landsmenn.

3 Dóms- og löggæslumál

3.1 Réttarfar og öryggi borgaranna

Framsókn vill að auknu fjármagni verði veitt í rannsókn og saksókn mála til að tryggja eðlilegan málsmeðferðartíma og fullnægjandi rannsókn.

Framsókn vill ákvæði sem kveður á um hlutlæga bótaskyldu íslenska ríkisins vegna brota sem fynast í höndum ákærvaldsins.

Gerð verði krafa til þeirra sem starfa í dómskerfinu og hjá ákærvaldinu um að þeir sæki sér reglubundna endurmenntun og fræðslu hvað varðar nýja lagasetningu.

Framsókn vill að refsingar við hatursglæpum verði skýrðar. Framsókn vill skýra stefnumótun stjórnvalda til að sporna við hatursorðræðu skv. 233. gr. a. laga nr. 19/1940 og leggur áherslu á upplýst samfélag allra.

Framsókn vill að skilyrði til gjafsóknar verði rýmkuð og að fjárhæðarmörk verði hækkuð til samræmis við framfærsluviðmið eða lægstu heildarlaun hér á landi. Réttur til gjafsóknar náí einnig til kærumála á stjórnslustigi. Með því er jafnara aðgengi borgaranna að stjórnslu og dómstólum tryggt.

Framsókn vill bæta lagalega stöðu sáttamiðlunar sem raunverulegt úrræði við úrlausn sakamála.

3.1.1 Markvisst unnið gegn ofbeldi í samfélaginu

Framsókn leggur áherslu á áframhaldandi þróun samstarfs lögreglu, heilbrigðiskerfis og sveitarfélaga gegn heimilisofbeldi og leggur áherslu á að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga verði endurskoðuð meðal annars með það í huga að skýra ábyrgð á að

þjónusta vegna kynbundins ofbeldis og heimilisofbeldis sé veitt sem og tryggt verði að þolendur hafi aðgang að athvarfi óháð búsetu. Enn fremur þarf að efla rannsóknir og saksóknir í kynferðisbrotamálum og ofbeldi í nánnum samböndum.

Framsókn vill færa í lög heimildir til að miðla upplýsingum milli stofnana með það fyrir augum að auka þverfaglegt samráð og samþætta þjónustu til verndar og stuðnings þolendum kynbundins ofbeldis og heimilisofbeldis.

Framsókn styður við uppbyggingu á svæðisbundnu samráði um ofbeldis- og afbrotavarnir. Mikilvægt er að efla almennt forvarnir og fræðslu meðal barna og ungmenna vegna áhættuhegðunar. Efla þarf og fjölga úrræðum til að sporna gegn ofbeldis- og áhættuhegðun barna og ungmenna.

3.2 Öflug löggæsla og ákærvald

Ein af frumskyldum ríkisvaldsins er að tryggja og verja öryggi allra gagnvart hvers konar ógn, ofbeldi og öðrum afbrotum í samfélaginu. Framsókn vill auka fjármagn og mannafla lögreglu og tryggja þannig að aðbúnaður og öryggi lögreglumanna til að sinna verkefnum sínum verði ávallt eins og best verður á kosið allt árið um kring og um allt land. Framsókn vill skapa lögreglunni skilyrði til að sinna aukinni grenndargæslu og forvarnarstarfi. Samfélagslögregla er samfélaginu öllu til hagsbóta, þar byggir undir traust í samskiptum við lögreglu og þá sýn Framsóknar að lögreglan sé aðgengileg, traust og áreiðanleg, sérstaklega gagnvart börnum og ungmennum. Sú sýn styður grundvallarhugsjón Framsóknar um öruggt samfélag.

Lögð er mikil áhersla á að lögreglu verði tryggður aðbúnaður, mannafla og fjármagn til að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi svo sem innflutningi fíkniefna, mansali, hryðjuverkum og auknum umsvifum skipulagðra glæpagengja. Framsókn hefur áhyggjur af auknum vopnaburði ungmenna og innan glæpasamtaka og því er nauðsynlegt að vinna strax gegn þeim vanda. Lögreglunni verði veittar nauðsynlegar rannsóknarheimildir, sambærilegar þeim sem lögregla í öðrum norrænum ríkjum hefur með réttaröryggi og friðhelgi borgaranna að leiðarljósi. Á sama tíma má efling rannsóknardeilda ekki bitna á almennri löggæslu. Samhliða því telur Framsókn nauðsynlegt að efla starf nefndar um eftirlit með lögreglu.

Halda þarf áfram vinnu við að styðja sem best við börn og ungmenni m.a. með forvarnastarfi. Stór skref hafa verið stigin nú þegar af Framsókn með lögfestingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Í þeirri kerfisbreytingu sem felst í lögnum er mikilvægt að tryggja þátttöku lögreglu og sýslumanns. Framsókn vill tryggja aukið samstarf milli lögreglu og velferðar-, skóla- og frístundapjónustu.

Framsókn vill öfluga löggæsluáætlun sem fylgir fjármagn til menntunar, þjálfunar og endurmenntunar lögreglumanna en með því má enn frekar tryggja fjölgun í lögreglunáminu.

Framsókn telur mikilvægt að ekki sé til sparað þegar kemur að almannaöryggi. Framsókn telur það mikilvægan þátt í grundvallaröryggi almennings sem og lögreglu að það komi ekki til þess að sett verði hagræðingarkrafa á réttarvörslukerfið hér á landi við gerð fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar sem fjárlög byggja stoðir sínar á. Styrkja þarf tölvuafbrotadeild lögreglu svo sporna megi við glæpum á netinu.

Framsókn telur mikilvægt að efla tollgæslu og landamæragæslu um land allt í ljósi fjölþáttaógnna sem steðja að samfélaginu okkar í auknum mæli auk þess sem aukinn þungi hefur færst í alþjóðlega skipulagða brotastarfsemi. Þar skiptir samstarf innan alls réttarkerfisins lykilmáli í viðbragði, vörnum og öryggi.

3.3 Landhelgisgæsla

Framsókn vill að ávallt séu tryggð fullnægjandi rekstrarskilyrði Landhelgisgæslunar til að hún sé betur í stakk búin til að mæta auknum kröfum um öryggi á norðurslóðum og sinna sínu lögbundna hlutverki um landið og miðin.

Framsókn vill aukið samstarf milli landhelgisgæslu og lögreglu og skoða hvort það sé hagur af því að samtvinna verkefni. Framsókn vill einnig skoða fýsileiki þess að færa hluta af þjálfun landhelgisgæslunnar til menntaseturs lögreglu.

3.4 Fangelsismál

3.4.1 Fangelsisvist með betrun í forgrunni

Markmið fangelsisvistar er að þeir sem afplána refsídóma snúi út í samfélagið á ný sem betri þjóðfélagsþegnar. Í því skyni þarf að fjölga úrræðum fyrir dómþola, enda geta önnur úrræði en fangelsisvist, svo sem sáttamiðlun, borið meiri árangur, sérstaklega við fyrsta brot. Þá er brýnt að ríkið komi á fót úrræði fyrir þá einstaklinga sem þurfa sérstaka öryggisvistun að lokinni afplánun svo vegna geðræns vanda.

Framsókn vill vinna gegn endurkomu fanga í fangelsi með innleiðingu á úrræðum sem virkað hafa vel erlendis og styðja við betrun og endurkomu fanga aftur út í samfélagið svo sem „EXIT” í Danmörku og „Elevator” í Noregi. Þá þarf að tryggja örugga búsetu, endurhæfingu og stuðning að afplánun lokinni.

Framsókn telur mikilvægt að afplánun refsídóma geti hafist sem fyrst að uppkveðnum dómi. Löng bið eftir afplánun er óverjandi. Auka þarf fjármagn til Fangelsismálastofnunar en fjárskortur til stofnunarinnar hefur meðal annars valdið því að 275 dómur fyrndust á árunum 2012 til 2022 vegna þess að ekki tókst að kalla hina dæmdu brotamenn inn til afplánunar og það þótt fangaklefar hafi ekki verið fullnýttir.¹

Auka þarf úrræði og hvata fyrir fanga til að sækja sér menntun og eftir atvikum endurhæfingu á meðan á afplánun stendur og að aðstæður til þess verði tryggðar.

Á meðan afplánun stendur verður að tryggja fullnægjandi heilbrigðis- og meðferðarúrræði fyrir fanga. Tryggja þarf sérstaklega aðgengi fanga að geðheilbrigðisþjónustu.

Miða skal við að erlendir ríkisborgarar afpláni íslenska refsídóma í heimalandi sínu, þegar við á. Gera skal framsalsamninga við sem flest ríki en hafa þarf mannréttindi og mannúðarsjónarmið í hávegum.

3.4.2 Fangelsi

Framsókn vill að uppbygging á nýju fangelsi verði sett í forgang á sama tíma og ástandið á Litla Hrauni og Kvíabryggju verði bætt í samræmi við stjórnsýsluúttekt

¹ <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-12-05-vida-pottur-brotinn-i-fangelsum-landsins-398931>

Ríkisendurskoðunar: „Fangelsismálastofnun, Aðbúnaður – endurhæfing – árangur“ frá nóvember 2023.

Brýnt er vinna langtímalausn á vistun kven og kynsegin fanga og jafna stöðu þeirra innan veggja fangelsanna til að tryggja öryggi, betrun og velferð þeirra kvenfanga sem dæmdir eru til fangelsisvistar. Framsókn telur að það sé mikilvægt að koma upp sérstöku vistunarúrræði og tækifæri til starfa og endurhæfingu fyrir kvenkyns fanga.

4 Þjóðaröryggi og almannavarnir - Samfélagsöryggi

Framsókn leggur áherslu á að unnið sé eftir nýsamþykktri þjóðaröryggisstefnu frá 28. febrúar 2023 sem tryggir sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna, orkuöryggi, fæðuöryggi, vernd stjórnkerfis og innviði samfélagsins.

Í þjóðaröryggisstefnunni endurspeglast breið sýn á þjóðaröryggi; að öryggi tekur til fjölpættari ógna, hvort sem um er að ræða innri eða ytri ógnir, af mannavöldum eða vegna náttúruhamfara.

Framsókn vill að gerði verði stefna vegna náttúruhamfara sem marki hvernig hægt sé að takast á við náttúruhamfarir til langs tíma og tryggi aðkomu sveitarfélaga, stofnanna og annarra sem málið varða.

Nýlegar aðgerðir vegna eldgosa á Reykjanesskaga hafa varpað ljósi á nauðsyn þess að efla utanumhald um mikilvæga innviði s.s. vegi, húsnæði, rafmagn, hitaveitu og flug. Þá hafa ógnir af netárásum á opinbera starfsemi, fyrirtæki og einstaklinga aukist og stríð í heiminum eru að magnast.

Framsókn telur þjóðfélagslega mikilvægt að efla uppbyggingu nauðsynlegra innviða til að tryggja gagnaöryggi hérlendis.

Við endurskoðun laga um almannavarnir skal tryggja að fyrir liggja hvar sá kostnaður sem fellur til vegna ráðstafana í almannavarnaástandi fellur.

4.2 Þekking og þjálfun forystuaðila samfélagsins tryggð

Framsókn vill að þekking þeirra sem eru í forystu fyrir samfélagið (t.d. ráðherrar, ráðuneyttisstjórar, sveitarstjórar og sveitarstjórnarfolk) á aðgerðum vegna samfélagsraskana verði eflað. Þá leggur Framsókn áherslu á að það verði búnar til trúverðugar áætlanir og stefnur um hvernig grípa eigi til aðgerða til þess að tryggja öfluga og skilvirka endurreisn, t.d. enduruppbygging innviða og lífsviðurværi.

Þá er mikilvægt að reynsla þeirra forystuaðila sem hafa tekist á við samfélagsröskun sé tekin saman og samráðsvettvangur stofnaður í þeim tilgangi að unnt verði að miðla með skipulögðum hætti reynslu og þekkingu milli aðila.

4.3 Aukin áhersla á sjónarmið þolenda hamfara tryggð

Framsókn leggur áherslu á að ný lög um samfélagslegt öryggi taki tillit til hagsmuna og sjónarmiða þolenda hamfara þegar á reynir og við endurreisn. Sjónarmið þolenda skulu vera í forgrunni vegna viðbúnaðar, aðgerða og uppbyggingar samfélags. Einstaklingar og fjölskyldur verða fyrir mismikilli röskun þegar röskun verður í samfélagi þeirra. Sumir t.d. upplifa óþægindi við að þurfa að rýma húsin sín en mega

flytja heim aftur, á meðan að aðrir missa allt sitt. Óvissa er þolendum erfið og skal lágmarka hana með því að efla utanumhald um þolendur.

5 Utanríkismál

Framsókn vill sem fyrr verja fullveldi Íslands og sjálfstæði. Stefnumótun í utanríkismálum skal ætíð taka mið af hagsmunum lands og þjóðar hverju sinni. Brýnt er að tryggja efnahags- og viðskiptalega hagsmuni Íslands gagnvart viðskiptaþjóðum okkar. Ísland hefur skyldum að gegna í samvinnu við aðrar þjóðir um lausn sameiginlegra verkefna á alþjóðavettvangi. Framsókn vill að leiðarljós Íslands í utanríkismálum séu friður og jafnrétti. Framsókn vill efla þátt öryggis- og varnarmála í utanríkisstefnunni almennt. Framsókn leggur áherslu á alþjóðalög séu virt enda eru þau grundvöllur í samskiptum ríkja.

5.1 Alþjóðasamskipti og svæðisbundin samvinna

Mikilvægt er að rækta á breiðum grunni diplómátsk samskipti við önnur ríki og draga þannig úr viðsjám og efla traust.

5.1.1 Norðurlandasamvinna

Framsókn vill áfram byggja upp öflugt samstarf milli Norðurlandanna. Íslendingar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta með nágrannaþjóðum sínum hvað varðar auðlindir, arfleifð, þjóðmenningu og öryggismál. Samstarf við Norðurlöndin mun áfram skipa mikilvægan sess í utanríkisstefnunni, ekki síst nú þegar Finnland og Svíþjóð hafa gerst aðilar að NATO.

5.1.3 EES-samningurinn

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er mikilvægasti og umfangsmesti fjölþjóðasamningurinn sem Ísland á aðild að. Framsókn styður áframhaldandi þátttöku Íslands í EES-samningnum.

Nauðsynlegt er að efla hagsmunagæslu Íslands til muna gagnvart Evrópusambandinu, ekki síst til fylgjast betur með umræðu og hafa áhrif, á fyrri stigum, á komandi EES-gerðir. Þá er nauðsynlegt að tryggja skilvirka framkvæmd og þróun EES samningsins í aukinni samvinnu við löggjafarvaldið. Við innleiðingu á EES-gerðum í íslensk lög skal tryggt að ekki sé gengið lengra en gerðir segja til um. Þegar svo ber undir, ber Íslandi óhikað að semja um aðlögun að íslenskum sérhagsmunum, áður en af innleiðingu EES-gerða verður.

5.1.4 Evrópusambandið

Framsókn leggur áherslu á áframhaldandi gott samstarf við Evrópusambandið, en telur hins vegar hagsmunum Íslands best borgið utan þess. Stefnumótun í utanríkismálum skal ætíð taka mið af hagsmunum lands og þjóðar hverju sinni.

5.1.5 Norðurslóðir

Norðurslóðir hafa sem fyrr mikla þýðingu fyrir Ísland, m.a. með tilliti til loftslagsbreytinga, auðlindanýtingar, landgrunnskrafna, samfélagsbreytinga og mögulegra nýrra siglingaleiða. Hvort sem litið er til umhverfis, öryggismála,

efnahagslegra eða félagslegra þátta, er mikilvægt að svæðið einkennist áfram af stöðugleika, sjálfbærni og samvinnu.

Pung samskipti sjö aðildarríkja Norðurskautsráðsins við Rússland hefur sett samskiptum ríkja um málefni norðurslóða þröngar skorður, m.a. á sviði vísinda og rannsókna og aðlögunar að loftslagsbreytingum, en lengstur hluti strandlengjunnar sem liggur að hafsvæði norðursins er í Rússlandi. Framsókn telur mikilvægt að viðhalda samstarfi ríkja á norðurslóðum um sameiginlega hagsmuni þeirra, svo mögulegt verði að samstarftakist á nýjan leik svo skjótt sem aðstæður leyfa.

Þá leggur Framsókn áherslu á innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða til að tryggja aukna þekkingu á vægi norðurslóða þvert á stjórnvöldum með þátttöku háskólasamfélagsins, sveitarfélaga, atvinnulífs og félagasamtaka.

5.1.6 Schengen-samstarfið

Framsókn styður áframhaldandi aðild Íslands að Schengen-samstarfinu. Framsókn vill auka eftirlit á innri og ytri landamærum..

5.1.7 Málefni hafsins

Þar sem Ísland byggir afkomu sína að miklu leyti á sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda, ber að stefna að því að stjórnvöld taki fullan þátt í samstarfi ríkja um málefni hafsins og hafréttarmál, bæði á svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi, í samstarfi við þar til bærar stofnanir.

5.2 Öryggis- og varnarmál

Í ljósi vaxandi óstöðugleika á alþjóðasviðinu, þarf að gera öryggis- og varnarmálum hærra undir höfði innan utanríkisstefnunnar almennt. Framsókn styður þjóðaröryggisstefnu Íslands og framkvæmd hennar. Öryggis- og varnarmál ná nú í vaxandi mæli til málaflokka á borð við netöryggis og fjarskipta, fjölþátta ógnana og samgangna.

5.2.1 Varnarsamningur við Bandaríkin

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna tryggja í grundvallaratriðum öryggi landsins. Nú þegar öll Norðurlöndin eru aðilar að bandalaginu, kunna möguleikar í svæðisbundnu norrænu varnarsamstarfi að aukast. Framsókn telur mikilvægt að styrkja enn frekar stoðir þess í ljósi landfræðilegrar legu Íslands og leggur áherslu á áframhaldandi góð samskipti og samstarf við aðrar þjóðir. Raunsæi, fyrirbyggja og öflugar varnaráætlanir skipta sköpum.

5.3 Alþjóðaviðskipti

Framsókn leggur áherslu á að tryggja bestu viðskiptakjör, aðgang og samkeppnishæfni fyrirtækja á alþjóðamörkuðum. Þessu markmiði er best þjónað með aðild að kerfi þar sem leikreglur eru skýrar og grundvallast á bæði tvíhliða og svæðisbundnum viðskiptasamningum og samstarfi meðal ríkja innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Tryggja ber áframhaldandi aðgang að innri markaði Evrópusambandsins (ESB) á grundvelli samningsins um EES og treysta jafnframt viðskiptasambönd við Bandaríkin

og Bretland. Við gerð fríverslunarsamninga, tvíhliða eða á vettvangi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), skal ávallt litið til hagsmuna og sérstöðu Íslands, þ.á m. íslensks landbúnaðar og þeirra aðstæðna sem greinin starfar við.

Ísland skal áfram beita sér fyrir bættu aðgengi fátækra ríkja að alþjóðaviðskiptum og afnámi viðskiptahindrana gagnvart þeim.

5.4 Ísland sé í fremstu röð í alþjóðlegri baráttu gegn skattaskjólum

Ísland á að vera í fremstu röð í alþjóðlegri baráttu gegn skattaskjólum og styðja alþjóðlega samninga þar um. Skattaskjól eru ríki sem gera litlar eða engar kröfur um að eignarhald fyrirtækja sé þekkt og innheimta litla eða enga skatta af þeim. Með þessu skapa skattaskjólin fyrirtækjum og fjárfestum aðstöðu til að komast hjá skattlagningu. Skattheimta er forsenda þess að ríki geti byggt upp nauðsynlega innviði og veitt íbúum mikilvæga þjónustu. Skattaskjólin veikja því velferðarsamfélög um leið og þau auka ójöfnuð. Þau þurfa að víkja.

5.5 Ísland verði áfram í fararbroddi í mannréttindum og jafnrétti og eflingunarsamvinnu.

Mannréttindavernd á að vera ríkur þáttur í utanríkisstefnu Íslands. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948 er sá grunnur sem helstu samningar og yfirlýsingar alþjóðasamfélagsins um mannréttindi byggja á. Framsókn vill að Ísland beiti sér áfram fyrir vernd og eflingu mannréttinda um heim allan, þ.á m. jafnrétti, réttindum barna og réttindum minnihlutahópa.

5.6 Þróunarsamvinna

Þróunarsamvinna verði áfram ein af meginstoðum utanríkisstefnunnar. Mikilvægt er að öflugt samstarf við Sameinuðu þjóðirnar verði þar í forgrunni áfram og styrkt verði enn frekar við stöðu Sameinuðu þjóðanna í þróunarsamvinnu.

Við frekari uppbyggingu þróunarsamvinnu ætti sérstök þekking Íslendinga á sviði sjávarútvegs, jarðhita, landgræðslu og jafnréttis áfram að vera í fyrirrúmi.